

**Mál nr. 185/2018****M og  
V v. ábyrgðartryggingar J  
Kona slasast á fæti við fall úr hjólabáti 1.6.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið 6.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.  
Bréf V dags. 25.6.2018 ásamt fylgiskjölum 9-12.

**Málsatvik.**

M var ásamt hópi ferðamanna í skipulagðri ferð á Jökulsárlóni með hjólabát á vegum J. Báturinn bilaði á landi og náði ekki að landgöngupalli, þar sem fólk gengur frá borði. Brugðu starfsmenn J því á það ráð að biðja farþega að fara af dekki bátsins í gegn um hlið á síðu bátsins. Af meðfylgjandi myndum má greina að hæð frá jörðu upp á dekk u.þ.b. 1,5 m. Samkvæmt upplýsingum frá J var ákveðið að tveir starfsmenn J aðstoðuðu hvern farþega við að klifra niður úr bátnum. Var búið að aðstoða um tuttugu farþega af bátnum með þessum hætti þegar erlendur aðili kom að bátnum, líklega fararstjóri hópsins sem M tilheyrði. Segir skipstjóri bátsins að maðurinn hafi ýtt starfsmanni J, sem hafði ætlað að taka á móti M, til hliðar og gefið skipanir í allar áttir á erlendu máli. M, sem skipstjórinn hafi verið byrjaður að aðstoða, hafi þá stokkið af dekkinu og niður á jörðina án þess að þiggja aðstoð starfsmanna vátryggingartaka líkt og aðrir farþegar höfðu gert. Eftir þetta hafi starfsmenn J svo hjálpað þeim niður sem eftir voru um borð líkt og þeir höfðu gert áður.

M slasaðist á ökkla og telur að J beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu. Byggir M á því að það fyrirkomulag sem starfsmenn J notuðust við í umrætt sinn við rýmingu bátsins hafi verið hættulegt og til þess fallið að valda tjóni, sérstaklega í ljósi þess hversu hátt var frá jörðu upp á dekk bátsins. Bendir M á að eðlilegra hefði verið að sækja tröppur til þess að koma farþegum frá borði. V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til sakar J eða starfsmanna þess. Þá telur V að tjónið verði rakið til eigin sakar M.

**Álit.**

Með hliðsjón af gögnum málsins, sérstaklega því að alla vega um 1.5 m hæð var frá jörðu upp á dekk bátsins, verður að teljast varhugavert af starfsmönnum J að ferja farþegana frá borði með því fyrirkomulagi sem að framan greinir. Þá er ljóst að viðskiptavinir J voru að miklum meirihluta erlendir ferðamenn. Bar starfsmönnum J af þeim sökum að gæta þess sérstaklega að fyrirmæli og leiðbeiningar kæmu skýrlega fram þannig að ekki yrði misskilningur sem gæti leitt til tjóns. Ljóst er að misbrestur var á þessu. Verður því að telja sannað að tjón M verði rakið til þess að ráðstafanir þær sem starfsmenn J gripu til við að ferja farþega frá borði voru ófullnægjandi. Verður því að teljast sannað að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna J. Á M því rétt á bótum vegna slyssins.

Verður þó ekki litið fram hjá því að M mátti gera sér grein fyrir að aðstæður voru óvenjulegar og mátti hún gera sér grein fyrir þeirri hættu sem fólst í því að hoppa frá borði með þeim hætti sem hún gerði. Ber hún því einnig ábyrgð á líkamstjóni sínu. Eftir atvikum öllum þykir rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjónsins vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu J hjá V, en ber helming tjónsins sjálf vegna eigin sakar.

Reykjavík 7.8.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.